



Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent á umsagnagátt Alþingis

Reykjavík 3. maí 2024

Efni: Verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvubréfs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 19. apríl 2024 þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 þannig að skýrt verði kveðið á um að vindorkunýting falli undir lögin en verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur í framkvæmd lagt til grundvallar að lögin gildi um vindorkunýtingu líkt og nánar er rakið í frumvarpinu.

Samtökin hafa ítrekað lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu raforkumála á Íslandi og hafa komið á framfæri ábendingum í lengri tíma um að allt stefni í raforkuskort, með neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið allt. Fólksfjölgun, ný atvinnustarfsemi og orkuskipti krefjast aukinnar orkuframleiðslu. Í nýlegri raforkuspá Landsnets kemur fram að þörf sé á nýrri nálgun í orkumálum þar sem raforkumarkaðurinn muni tvöfaldast við full orkuskipti árið 2050 og að núverandi áform um nýjar vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir og stækkanir núverandi virkjana dugi ekki ein og sér fyrir orkuskiptum. Nauðsynlegt verði að nota nýja endurnýjanlega orkugjafa á borð við vindorku svo unnt verði að hrinda orkuskiptum í framkvæmd. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að tryggja að unnt verði að byggja upp vindorkuver til framleiðslu á grænni orku á skilvirkan og einfaldan máta.

Samtökin hafa jafnframt áður lýst þeirri skoðun sinni að vindorkuver lúti töluvert öðrum lögmálum en vatnsafl og jarðhiti og að ekki sé æskilegt að vindorka falli undir rammaáætlun.¹ Hafa samtökin í því sambandi vísað til þess að þegar hafa verið lögfest fjölmörg lög er snerta nýtingu vindorku án þess að hennar sé sérstaklega getið, sbr. t.a.m. skipulagslög nr. 123/2010 og landsskipulagsáætlun ásamt aðal- og deiliskipulagsáætlunum sveitarfélaga og einnig með lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 ásamt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Að mati samtakanna er því þegar tryggt í lögum að vindorkuver verði ekki reist nema að öllum ítarlegustu umhverfissjónarmiðum sé gætt.

Vindorkunýting hefur sérstöðu þar sem unnt er að reisa vindmyllur og vindorkuver nánast hvar sem er út frá tæknilegum sjónarmiðum og umhverfisáhrif að mestu leyti bundin við þann tíma sem nýting stendur yfir. Þetta skapar tækifæri til að hafa regluverkið einfaldara en um aðra orkunýtingu. Það myndi einnig auðvelda nýjum og minni framleiðendum að koma

¹ Sjá hér t.a.m. athugasemdir samtakanna um skýrslu starfshóps um valkosti og greiningu á vindorku frá 17. maí 2023 auk umsagnar SA og Samtaka iðnaðarins frá 27. apríl 2021 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011.



inn á markaðinn, sem stuðlar að aukinni samkeppni. Þá er rétt að áréttta að framleiðsla vindorku er meiri að vetri en sumri sem hentar vel miðað við notkunarmynstur rafmagns. Þrátt fyrir framangreind sjónarmið virðist þróunin vera í öfuga átt þannig að meiri kröfur verði gerðar til vindorku en annarrar orku.

Að mati samtakanna er eðlilegt að vindorkukostir séu afgreiddir í gegnum skipulagsferla sveitarfélaga, sem taka mið af Landsskipulagsstefnu. Í þeirri vinnu er aðkoma almennings og hagsmunaaðila tryggð og með mati á umhverfisáhrifum er tryggt að neikvæð umhverfisáhrif séu lágmörkuð og framkvæmdin í góðu samræmi við umhverfissjónarmið. Með vandaðri útfærslu á viðauka í Landsskipulagsstefnu verður óþarft að vindorka falli einnig í ferli rammaáætlunar.

Að mati samtakanna hentar rammaáætlunarferlið ekki fyrir vindorkuna af þeim ástæðum sem að ofan greinir. Þar að auki hefur ferlið reynst tímafrekt og ekki til þess fallið að liðka fyrir hagnýtingu vindorku. Ekkert tillit er tekið til orkuöryggis í rammaáætlun og ferlið tryggir ekki að orka sé nýtt á sem hagkvæmastan hátt, m.t.t. bæði umhverfissjónarmiða og hagsmuna atvinnulífs, sveitarfélaga og samfélagsins almennt.

Hæðarmörk frumvarpsins

Samtökin gera athugasemdir við hæðarmörk frumvarpsins og leggja til að þau verði afnumin þannig að aðeins verði miðað við 10 MW markið. Á það hefur verið bent að flestar nýjar vindmyllur séu hærri en 100 m og að frumvarpið muni því leiða til þess að settar verði upp eldri og lakari vindmyllur í tilraunaskyni. Hæðarmörkin kunni jafnframt að draga tilraunum með vindmyllur undir 10 MW mörkunum. Þá er rétt að benda á að hæð vindmyllu er aðeins einn þáttur í umhverfisáhrifum þeirra en mörkin leiða t.a.m. til þess að ein stór vindmylla sem þó er undir 10 MW markinu lendir sjálfkrafa í rammaáætlun en vindmylluþyrping ekki.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins